

FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráð-
herra segir að samningurinn marki
tímamót.



MIKILL ÁHUGI Á NÁMI Í HEILSUGÆSLUHJÚKRUN

Karl Eskil Pálsson



HÁSKÓLINN Á Akureyri og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins munu í haust bjóða upp á nýja námsbraut fyrir hjúkrunarfræðinga sem vilja sérhæfa sig í heilsugæsluhjúkrun. Samningur um námið var undirritaður á Akureyri af Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra, Svanhvíti Jakobsdóttur forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Eyjólfri Guðmundssyni rektor Háskólans á Akureyri. Sigríður Sía Jónsdóttir, lektor við HA, mun hafa umsjón með náminu. Námið er til eins árs og lýkur með 60 eininga diplómagráðu. Sigríður Sía segir að undirbúningur námsins hafi staðið yfir í nokkuð langan tíma.

„Upphaflega hóaði Stefán Þórarinsson fyrrverandi yfirlæknir á Egilsstöðum saman fólki til að velta því fyrir sér hvað væri hægt að gera til að efla heilsugæsluna, sérstaklega á landsbyggðinni. Þessi hópur hittist nokkrum sinnum og lagði grunn að þverfaglegri fræðilegri námslínu; Heilsugæslu í héraði. Þegar Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hafði samband, varð úr að þróa tvískipta námslínu, annars vegar fræðilega og hins vegar þetta sérnám í heilsugæsluhjúkrun sem samningurinn nær til.“

Sérnámið samanstendur af fræðilegu námi við Háskólann á Akureyri og klíniskri þjálfun á heilsugæslustöð hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undir handleiðslu lærimeistara.

„Markmiðið er að efla klínísku hæfni hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu og styrkja þannig þverfaglega teymisvinnu innan heilsugæslunnar, svo sem í bráðaþjónustu, þjónustu við tiltekna sjúklingahópa og á sviði forvarna og heilsuverndar. Með þessu er námsframboð í hjúkrunarfræði aukið og nýir möguleikar skapast fyrir sérhæfða starfsmenn til að mennta sig samhliða starfi,“ segir Sigríður Sía.



SIGRÍÐUR SÍA JÓNSDÓTTIR, lektor við Háskólann á Akureyri, mun hafa umsjón með náminu. Hún segir að væntanlegt nám komi til með að efla heilbrigðiskerfið enn frekar.
Myndir: Karl Eskil Pálsson.



Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagði við undirritun samningsins að hann marki upphaf að breyttum áherslum í heilsugæslu þar sem markmiðið er að treysta og efla heilsugæsluna í landinu. Á þessu ári verður varið 27 milljónum króna til verkefnisins af hálfu ráðuneytisins.

„Ég kalla þetta tímamót og við getum líka sagt að samningurinn marki upphaf að breyttum áherslum í heilsugæslu. Þótt við förum rólega af stað og byrjum með sex sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun þá sjáum við fyrir okkur að á næstu árum verði komið á fót sérnámsstöðum við allar stærstu heilbrigðisstofnanir á landinu,“ sagði Kristján Þór.

Sigríður Sía segir að í klínísku náminu verði sex nemendur en það fræðilega (Heilsugæsla í héraði) er opið fólki með fyrstu háskólagráðu.

„Það virðist vera mikill áhugi fyrir náminu, ef marka má fyrirsurnir. Ég er sannfærð um að þetta nám kemur til með að efla heilbrigðiskerfið enn frekar. Við þurfum að styðja við starfsfólk heilsugæslunnar og ég hlakka til að takast á við verkefnið.“